

Ed.

47. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig: Lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 2. tölulið 49. greinar skal miðast við skattskyldar tekjur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga þeirra, sem breyta á með frv. þessu, kom það í ljós, að lífeyrissjóðsgjöld þau, sem lögð voru á gjaldendur, — 1% af hreinum tekjum þeirra að frádregnum persónufrádrætti, — reyndust ýmsum erfiður gjaldabaggi í ofanálag á geysipungan tekjuskatt og útsvar. Þótt persónugjaldið til lífeyrissjóðs hafi meir en tvöfaldast nú á síðustu árum, þykir ekki ástæða að breyta því, eins og nú standa sakir. En hitt þykir sanngjarnt og sjálfsagt, að þetta gjald, sem miðað er við tekjur manna, hlíti að því leyti sama lögmáli og tekjuskatturinn, að gjaldstofn hvors gjaldsins sé hinn sami, hreinar tekjur einstaklingsins umreiknaðar og að frádregnum persónufrádrætti.